

HLUTHAFASAMKOMULAG

Undirritaðir aðilar, Egla hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, hér eftir nefnt E. Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar, kt. 550269-0589, Ármúla 3, Reykjavík, hér eftir nefnt EST, Samvinnufléyrissjóðurinn, kt. 430269-0389, Kringlumni 7, Reykjavík, hér eftir nefndur SLS, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, hér eftir nefnt VÍS, hér eftir sameiginlega nefndir samningsaðilar gera með sér eftirfarandi samkomulag um meðferð hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, hér eftir nefndur BÍ.

1.0. Forsendur og markmið:

1.1. Forsenda þessa hluthafasamkomulags er að samningsaðilar undirriti kaupsamning um kaup samningsaðila á hlutum í BÍ að nafnverði kr. 2.481.542.021,00 af Ríkissjóði, en um er að ræða 45,8% alls hlutafjár í BÍ, allt í samræmi við "HEADS OF AGREEMENT" sem undirritað var hinn 16. nóvember 2002. Um nánari skiptingu hinna keyptu hluta milli samningsaðila fer eftir kaupsamningi sem áætlað er að undirrita 16. janúar 2003.

1.2. Samningur þessi segir til um með hvaða hætti samningsaðilar ætla að rækja hlutverk sitt sem kjölfestufjárfestar í BÍ meðan skilyrði/kvaðir ríkissjóðs um bann við framsali seindra hluta í BÍ eru í gildi, og eftir atvikum eftir það tímamark meðan samningsaðilar eiga meira en 20% af heildarhlutafé BÍ.

1.3. Samningi þessum er ætlað að vernda og tryggja réttindi samningsaðila skv. hluthafasamningi þessum.

1.4. Samningsaðilar eru sammála um að neyta atkvæðisréttar og beita öðrum áhrifum sem hluthafar í BÍ þar með talið við stjórnarmenn sína, þannig að ákvæði þessa samnings verði virk.

II. gr. Samþykktir BÍ:

2.1. Við undirritun þessa samkomulags eru lagðar frum samþykktir BÍ sem fylgja hér með sem Vísauki nr. 1.

III. gr. Aðgættur forkaupsrettur. Samkomulag um tvígní:

3.1. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að selja ekki hluti sína í BÍ, hvort sem er að fullu eða hluta, meðan samkomulag þetta er í gildi, án þess að yðra öðrum samningsaðilum forkaupsrétt að hlutunum. Sama skal gilda um hluti í E. Forkaupsréttur skal boðinn með förmlegum og skriflegum hætti og gefinn a.m.k. 2ja vikna frestur til að svara framkomnu tilboði. Forkaupsrétturinn er bundinn sannförmu markaðsverði með sérstakri hljóðsjón af því að samningsaðilar eiga saman kjölfestunilut í BÍ. Ef ágreiningur verður um hvort það verð sem forkaupsréttur tekur til er sanngjarn markaðsverð með hljóðsjón af framangreindri forsendu, þá getur sá er forkaupsréttar nýtur óskað eftir að dómkvaddir verði tveir matsmenn til að skera úr um það atriði, og skal þá niðurstaða þeirra ráða endanlegu kaupverði hlutanna, en áður verður forkaupsréttarhafi að hafa tilkynnt seljanda förmlega að hann neyti forkaupsréttar. Forkaupsréttur þessi gildir meðan samningsaðilar eiga sameiginlega a.m.k. 20 % alls hlutfjár í BÍ.

3.2. Komt til sölu á hlutum samningsaðila í BÍ til 3ja aðila, með leyfi viðskiptaráðherra þar sem það á við meðan takmörkanir eru á framsali hlutanna, eða með sölu á öðrum hlutum samningsaðila í BÍ sem ekki eru háðir framangreindum takmörkunum, án þess að forkaupsréttar samkv. gr. 3.1. hafi verið neytt, þá geta samningsaðilar sem ekki standa að sölnunni krafist þess að salar taki einnig til þeirra hlutfallslega miðað við hlutfjäreign samningsaðila í BÍ, svo tryggt verði að hlutföll samningsaðila sem eigenda hluta í BÍ raskist ekki.

IV. gr. Samvinnuskylda:

4.1. BÍ er hlutafélag samkv. lögum um hlutafélög og hlutir þess skráðir í Kauphöll Íslands hf. í viðskiptum BÍ við hluthafa og tengda aðila skal ávallt tryggt að þau viðskipti séu með sambærilegum hætti og milli óskyldra aðila.

4.2. Á aðalfundum/hluthafafundum í BÍ skulu samningsaðilar beita atkvæðisrétti með samræmdum hætti í samræmi við hlutverk sitt sem kjölfestufjárfestar. Ef til ágreinings kemur um beitingu atkvæðisréttar samningsaðila í BÍ, þá skulu þeir sem halda á stærri eignarhluta atkvæða í BÍ raða ferðunni og fá umboð frá minnihlutunum til að fara með atkvæði þeirra, sbr. þó ákvæði gr. 4.3.

4.3. Við stjórnarkjör á aðalfundum/hluthafafundum í BÍ skulu samningsaðilar freista þess að tryggja kjör stjórnarmanna samningsaðila í stjórn BÍ. Hafi þeir til þess styrk skulu tveir stjórnarmenn BÍ tilnefndir af fulltrúum E, en einn stjórnarmaður sameiginlega af hálfu EST, SLS og VIS. Hafi samningsaðilar ekki styrk til þess að tilnefna kjósa þeir stjórnarmenn í BÍ, þá skulu EST, SLS, VIS og fulltruar E koma sér saman um tilnefningu eins stjórnarmanns og skal atkvæðisrétti samningsaðila beitt til samræmis við það. Sama skal gilda um tilnefningu kosningu varastjórnarmanna í stjórn BÍ.

4.4. Um stjórnarálvarðunir gildir að stjórnarmenn samningsaðila í BÍ skulu freista þess að þá samstöðu um ágreinissu allra mál. Meirihlutar ákvarðanir skulu udeins notar um í fullskilvæðri stjórn BÍ.

4.5. Eftirtalin málafni, sem samningsaðilar eru sammála um að skilgreina sem meiriháttar ákvarðanir, skulu ávallt lögð fyrir stjórn BÍ til ákvarðanatöku:

- A. Tillögur um breytingar á samþykktum BÍ þ.m.t. tillögur um breytingar á hlutfé, og tillögur um samruna BÍ við annað félag.
- B. Fjárhagsáætlun og ársreikningar.
- C. Verulegar fjárfestingar og sölur eigna sem ekki eru innifaldar í samþykktri fjárhagsáætlun.
- D. Ráðning og brottvikning bankastjóra.

4.5. Allur rekstur BÍ skal taka mið af því að starfsemin skili sem mestum hagnaði.

4.6. Kjölfestuhlutverk samningsaðila í BÍ skal m.a. felast í að tryggja styrka stjórn bankans í samræmi við gildandi lagnumhverfi á hverjum tíma, að skoða vandlegu möguleika á samstarti og/eða samruna við önnur fjármálafyrirtæki, hvort sem er hérlendis og/eða erlendis, ef það verður metið heildarhagsmunum hluthafa BÍ til góða, og stuðla að nýjungum á sviði bankastarfsemi hérlendis.

V. gr. Ýmis ákvæði:

5.1. Samningur þessi er tímabundinn og gildir meðan samningsaðilar eru bundnir skilyrðum/kvöðum Ríkissjóðs um framsal keypra hluta í BÍ, með þó þeirri undantekningu sem fram kemur í 3. málslíð þessarar greinar. Fáist leyfi viðskiptaráðherra fyrir framsali hluta í BÍ til 3ja aðila á hinu bundna tímabili, sem og við frjálst framsal til 3ja aðila að því tímabili loknu, skal ávallt trygggt að nýir eigendur hinna seldu hluta sem skilyrði/kvæðir fylgja gerist skilyrðislaust aðilar að hluthafasamkomulagi þessu. Ákvæði 3. kafla í samningi þessum gildir hins vegar ótímabundið meðan samningsaðilar eiga a.m.k. 20% alls hlutfjár í BÍ.

5.2. Samningur þessi skal lúta, vera túlkaður og honum skal framfylgt að íslenskum lögum.

5.3. Af samningi þessum eru gerð fjögur frumrit og heldur hver samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík, 16. janúar 2003.

F.h. Egu hf.



F.h. Eignarhaldsráðsins
Samvinnuaustrýgginga



F.h. Samvinnuaustrýgginga



F.h. Samvinnuaustrýgginga



Vottar að réttri dagsetningu,
fjártæði og undirskrift:

Helga Þórunn Ingimarsdóttir